

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn 23. mars 2017 í máli nr. S-928/2016:

Ákærvaldið

(*Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari*)

gegn

X

(*Bjarni Hauksson hrl.*)

Mál þetta, sem dómtekið var fimmtudaginn 2. mars sl., er höfðað með ákæru héraðssaksóknara, útgefinni 25. nóvember 2016, á hendur X, kt. [...], [...], [...] fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 18. janúar 2015 í aftursæti bifreiðarinnar [...] á bifreiðastæði við M við [...] í [...], beitt A ólögmætri nauðung og haft samræði við hana í leggöng gegn vilja hennar, en ákærði tók niður um hana buxurnar fyrir utan bifreiðina, hún girti þær aftur upp um sig og féll í aftursæti bifreiðarinnar þar sem ákærði lagðist ofan á hana, tók á ný niður um hana buxurnar og hafði við hana samræði, þrátt fyrir að hún segði honum ítrekað að hún vildi það ekki. Hlaut A af verknaðinum lítinn skurð við leggangaop.

Er þessi háttsemi talin varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu A, kt. [...], er gerð krafa um að ákærða verði gert að greiða henni miskabætur að fjárhæð 2.000.000 króna auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar 2015 þar til mánuður er liðinn frá því að bótakrafan er birt en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Einnig er þess krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Undir aðalmeðferð málsins féll ákærvaldið frá því að hlotist hefði lítill skurður við leggangaop af verknaðinum.

Verjandi ákærða krefst þess aðallega að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins en til vara að hann verði dæmdur til vægustu refsingar er lög leyfa. Jafnframt krefst hann aðallega frávísunar bótakröfu en til vara verulegrar lækkunar. Þá krefst verjandi hæfilegra málsvarnarlauna sem greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglu var hún kölluð á neyðarmóttöku til að ræða við stúlku sem væri þar í skoðun vegna gruns um nauðgun. Hitti lögreglan þar fyrir brotþola, A, og móður hennar, B. Brotþoli var sýnilega ölvuð en gaf skýra frásögn. Hún kvaðst vera [...]nemi í M en gerandinn, ákærði, væri einnig [...]nemi þar. Hún greindi frá því að árshátíð hefði verið hjá M og bæði hún og ákærði hefðu verið undir áhrifum áfengis. Undir lok kvöldsins hefðu þau farið að tala saman, þau hefðu gengið saman út og farið að bifreið ákærða. Hann hefði opnað afturhurð bifreiðarinnar, fyrir aftan öikumannssætið. Ákærði hefði þar sagt við hana að hann hefði „viljað hana“ síðustu fjóra mánuði. Hún hefði svo dottið inn í aftursætið. Ákærði hefði þá lagst ofan á hana og haft við hana samfarir. Hann hefði svo haft sáðlát og taldi hún að sæði hefði farið í sæti bifreiðarinnar. Brotþoli taldi að hún hefði ekki áttað sig á hvað væri að gerast því hún hafi verið sljó vegna ölvunar. Hún hefði þó oft sagt nei og meðal annars logið því að hún ætti kærasta. Eftir þetta hefði ákærði staðið upp og farið frá bifreiðinni. Hún hefði þá sagt við hann að hún væri farin, en hún hefði ætlað að ná rútu í bæinn klukkan 2. Atvikið hefði gerst skömmu fyrir það. Hún hefði séð yfirmann sinn við húsið, farið til hans og sagt honum frá þessu. Hún hefði svo farið með rúttunni og móðir hennar sótt hana í [...] og farið með hana á neyðarmóttöku.

Ákærði var handtekinn morguninn eftir. Við yfirheyrslu hjá lögreglu neitaði hann sök en sagðist hafa haft samfarir við brotþola með hennar samþykki. Hann lýsti því að þau hefðu farið saman út að bifreið hans til þess að ná í húslykla hans. Það hefði verið ákveðið augnaráð á milli þeirra, hann hefði opnað afturhurð bifreiðarinnar og brotþoli hefði ákveðið að taka niður um sig buxurnar og lagst í aftursætið. Hann hefði sjálfur klætt sig úr buxunum á meðan hún hefði lagst niður. Þau hefðu svo haft samfarir sem hefðu staðið í um tvær mínútur. Hún hefði svo farið án þess að segja neitt við hann.

Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu 19. janúar 2015 þar sem hún greindi frá því að hafa verið á árshátíð M. Boðið hefði verið upp á vín. Hún hefði setið á hringborði ásamt öðrum [...]nemunum. Undir lok kvöldsins hefði hún farið í símann sinn og þegar hún hefði litið upp hefðu allir verið farnir frá borðinu nema ákærði. Hann hefði bent henni á að koma og spjalla. Í framhaldi hefði hann boðið henni að koma út með sér. Hún hefði talið að hann vildi fara út að reykja og farið með honum. Þau hefðu gengið út á bifreiðastæði. Þar hefði hann farið að tala um að hún vildi hann, hann hefði verið til í hana síðustu fjóra mánuði og væri búinn að vera að fylgjast með henni og fleira slíkt. Allt í einu hefði hann verið búinn að opna hurðina á bifreið sinni. Hann hefði svo girt niður um hana og reynt að kyssa hana á meðan. Hún hefði náð að hífa buxurnar upp aftur og sagt að hún vildi þetta ekki, en hann hefði reynt að sannfæra hana um að hún vildi þetta. Henni hefði brugðið við þetta

og hafi misstigið sig og fallið inn í bifreiðina. Hún hefði lent sitjandi en dottið niður, hugsanlega hefði hann ýtt við henni. Hann hefði síðan farið ofan á hana og nauðgað henni. Hann hefði tekið buxurnar hennar niður. Hún hefði reynt að halda fyrir en það hafi ekki gengið. Hún hefði sagt endalaust að hún vildi þetta ekki og hefði meira að segja nefnt nafn á einhverjum sem væri kærastinn hennar. Hún hefði svo lamast og ekkert vitað hvað hún ætti að gera. Þetta hefði tekið um tvær til þrjá mínútur og hefði endað með því að hann hefði fengið sáðlát og farið út úr bifreiðinni eftir það til að pissa. Hún hefði tekið upp símann sinn og ætlað að hringja í móður sína en þá munað að hún átti ekki inneign. Hún hefði mætt C, samstarfsmanni sínum, á bifreiðastæðinu og talað við hann og D, yfirmann sinn. Brotapóli gaf aftur skýrslu hjá lögreglu 19. mars 2015 og greindi þá frá atvikum með sambærilegum hætti.

Í skýrslu neyðarmóttöku vegna komu brotþola aðfaranótt 18. janúar 2015 er greint frá frásögn hennar með sama hætti og hjá lögreglu. Kemur þar fram að nælonsokkabuxur hennar hafi verið rifnar á hægra hné. Hún hafi verið hruflluð á hnénu og þar hafi verið byrjandi bláleitt mar. Þá hafi verið lítill, grunnur skurður eða rifa kl. 6-7 við leggangaop.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa verið á árshátíð M að kvöldi 17. janúar 2015. Þau A hefðu setið við sama hringborðið ásamt fleiri samstarfsmönnum þeirra. Boðið hefði verið upp á áfengi og þau hefðu bæði verið vel í því en hann myndi þó vel eftir atvikum. Þau hefðu ekki talað mikið saman um kvöldið en hist við útganginn þegar rútan hefði verið að fara án þess að það hefði verið skipulagt. Hann hefði þurft að sækja húslykla í bifreið sína og hefði boðið henni að ganga þangað með honum. Þau hefðu rætt lítilllega saman á leiðinni að bifreiðinni. Hann hefði opnað framdyr bifreiðarinnar en lyklarnir hafi ekki verið þar. Þá hefði hann opnað afturdyrnar og fundið lyklana þar í úlpuvasa. Hann kvað þau hafa verið að ræða saman en mundi ekki um hvað. Hann kvaðst ekki muna til þess að þau hefðu kysst og þau hefðu ekki rætt neitt kynferðislegt. A hefði staðið við bensínlokið. Hún hefði verið í dökkum leggingsbuxum sem hún hefði tekið niður á hæla. Hann hefði tekið þessu sem kynferðislegum skilaboðum og sjálfur tekið niður um sig buxurnar. Á meðan hefði hún sest inn í bifreiðina og svo lagst niður. Hann hefði farið ofan á hana og þau hefðu haft samfarir sem hafi ekki staðið lengi yfir. Hvorugt þeirra hefði sagt neitt á meðan. Hann kannaðist ekki við að hafa sagt henni að hann væri hrifinn af henni. A hefði ekkert gert eða sagt sem hefði bent til þess að hún væri þessu mótfallin. Hún hefði auðveldlega getað öskrað, en 50 til 100 metrar hafi verið að rútnni og um 100 metrar að hurðinni á staðnum.

Eftir þetta hefði hann farið út úr bifreiðinni til að pissa. A hefði þá horfið en hann ekið bifreið sinni heim. Hann hefði átt kærustu, liðið illa yfir því að hafa haldið fram hjá og viljað komast heim. Hann hefði ætlað að skilja bifreiðina eftir og verið búinn að senda kærustunni skilaboð um að sækja sig þar sem rútan stöðvaði. Tvær rútur hefðu átt að fara í bæinn úr M þetta kvöld. Seinni rútan hefði verið að fara á þessum tíma. Hann hefði ekið beint heim til kærustunnar þessa nótt og sofnað þar. Hann hefði átt símtal við E, samstarfskonu sínu, á leiðinni, en hún hefði hringt til hans og hann hringt til baka. Hún hefði spurt hann af hverju hann hefði verið að keyra. Hún hefði séð hann aka í burtu og haft áhyggjur af honum. Hann hefði beðið hana um að segja ósatt þar sem hann hefði ekki viljað að yfirmaður hans vissi af akstrinum, en hann væri mjög mótfallinn ölvunarakstri. Hann hefði átt að mæta til vinnu klukkan 10 næsta morgun.

Ákærði kvaðst hafa starfað með A í sex til átta mánuði. Hún hefði átt erfitt uppdráttar í vinnunni og hann hefði stutt við hana. Aldrei hefði verið neitt kynferðislegt á milli þeirra og þau hefðu ekki talað um persónulega hluti. Eftir þetta atvik hefði honum verið gert að segja upp starfi sínu í M. Hann hefði hins vegar séð brotapolu í skólanum þar sem þau hefðu verið í námi í sama skóla. Hann hefði reynt að forðast hana til að valda henni ekki óþægindum.

Vitnið A kvaðst hafa farið á árshátíð M umrætt kvöld. Þar hefði verið boðið upp á áfengi og hún hefði fengið sér af því. Hún taldi að hún hefði fengið sér fordrykk og tvo drykki á barnum. Undir lok kvöldsins hefðu allir [...]nemarnir setið við sama hringborð. Hún hefði hringt í móður sína til að spyrja hvort hún mætti fara í bæinn með vinnufélögum sínum. Er hún hefði litið upp úr símanum hefðu allir nema ákærði verið farnir frá borðinu. Hún hefði ekki þekkt ákærða vel og þau hefðu ekkert verið búin að ræða saman um kvöldið. Ákærði hefði beðið hana að ræða við sig og svo spurt hvort hún vildi fara út í „sígó“. Hún hefði verið óörugg þar sem hún hefði verið eini kvenkyns [...]neminn og því verið ánægð með að hann vildi kynnast henni nánar. Hún hefði því fallist á að fara með honum út. Hún hefði verið „pínu full“ eða „tipsy“ og óstöðug á fótunum í hælaskónum. Hún hefði runnið og dottið í hálfu fyrir utan.

Það næsta sem hún hefði vitað var að þau hefðu verið komin út að bifreið hans á bifreiðastæði sem hafi verið nokkuð frá húsinu. Hann hefði opnað afturdyr bifreiðarinnar og hvíslað að henni „ég veit að þú vilt þetta“. Hún hefði hváð og hann þá sagt að hann hefði viljað hana síðustu fjóra mánuði og væri búinn að fylgjast með henni. Hún hefði verið hrædd og ekki vitað hvað um hann væri að tala. Hann hefði reynt að kyssa hana þar sem hún hefði staðið við afturdekk bifreiðarinnar og á sama tíma tekið niður um hana buxurnar, en hún hefði verið klædd í kjól og nælonsokkabuxur. Hún hefði fengið mikið sjokk og híft buxurnar

aftur upp en þá fallið inn í bifreiðina. Hún hefði komið sitjandi niður en svo misst jafnvægið og fallið alveg niður. Hún hefði svo ekki vitað fyrir en ákærði hefði verið kominn ofan á hana og nauðgað henni um leggöng. Hún hefði ítrekað sagt nei, sagt að hún ætti kærasta og nefnt nafn stráks sem hún hefði verið að hitta. Hún hefði svo frosið en haldið áfram að segja „nei“, „ekki gera þetta“ og „hættu“. Ákærði hefði þó ekki hætt fyrir en hann hefði „fengið það“ í bifreiðinni. Þetta hefði tekið nokkrar mínútur og hann hefði ekki sagt neitt á meðan.

Ákærði hefði svo farið út úr bifreiðinni til að pissa. Hún hefði þá flýtt sér út og mætt C, samstarfsmanni sínum, og sagt honum frá þessu. Þá hefði hún talað við D, en hann hefði rætt við móður hennar í síma. Á meðan hún hefði rætt við D hefði hún séð ákærða aka á brott. Hún hefði rætt við fleiri yfirmenn sína og síðan farið heim með rúttunni þar sem F hefði setið hjá henni og huggað hana. Móðir hennar hefði svo sótt hana í [...] og farið með hana á neyðarmóttöku.

Ákærði hefði verið í skólanum á síðustu önn og hún hefði átt mjög erfitt með að sjá hann þar. Hún hefði látið kennarana vita að hún væri hrædd við ákærða en engu að síður hefði hún rekist á hann og orðið mjög skelkuð og grátið. Hún hefði tvisvar sinnum leitað til sálfræðings vegna þessa. Hún hefði hætt í fyrria sinnið þar sem henni hefði fundist verra að tala svona mikið um þetta. Henni hefði líðið mjög illa og farið að skera sig. Hún hefði einu sinni verið stöðvuð af lögreglu á ofsahraða en hún hefði þá ætlað sér að keyra út af því hún hefði ekki getað hugsað sér að lifa svona.

Vitnið B, móðir A, kvaðst hafa hringt í hana rúmlega hálf tvö um nóttina til þess að vita hvenær hún færi með rúttunni heim þar sem hún hefði ætlað að sækja hana. Hún hefði verið mjög hress og spurt hvort hún mætti færa í bæinn áður en hún kæmi heim. Vitnið hefði viljað að hún gerði það ekki enda hafi verið janúar og kalt í veðri og hún bara verið á kjól og þunnum jakka. A hefði svo hringt í sig grátandi um 20 til 25 mínútum síðar. D, yfirmaður hennar, hefði svo komið í símann og sagt að henni hefði verið nauðgað. Vitnið kvaðst hafa ekið til móts við rúttuna og farið með dóttur sína á neyðarmóttöku. Hún hefði verið grátandi og niðurbrotin og lýst því að hún og ákærði hefðu verið tvö eftir við borðið. Hann hefði beðið hana um að tala við sig og svo boðið henni út með sér að reykja. Þá hefði hann þurft að sækja eitthvað í bifreið sína þar sem hann hefði reynt að kyssa hana. Hún hefði ýtt honum frá en hann tekið niður um hana sokkabuxurnar. Hún hefði þá togað þær upp aftur og reynt að segja honum að hún ætti kærasta. Dóttir hennar hefði áður verið kát og brosandi stúlka en eftir þetta hafi hún orðið hrædd, skapstyggt og stutt í grátinn. Hún hefði farið að skaða sjálfa sig og í eitt skipti hefði lögreglan tekið hana við akstur á 164 km hraða þar sem hún hafi ætlað sér að „klára þetta“. Hún hefði átt erfitt í haust þar sem ákærði hefði verið í skólanum hennar, en

hún hefði náð að ljúka önninni með aðstoð sálfræðings. Hún hefði verið í meðferð bæði hjá sálfræðingi og geðlækni og um tíma verið á þunglyndislyfjum.

Vitnið E greindi frá því að hún hefði verið kærasta ákærða í nokkur ár fram til ársins 2012. Þau hefðu setið við sama borð á árshátíðinni í M ásamt fleirum. Hún hefði tekið eftir því að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis. Hún hefði ekki séð hann fara af árshátíðinni en um klukkan 2, þegar síðasta rútan hafi verið að fara, hefði hún séð bifreið hans ekið burt af malarbifreiðastæði á miklum hraða. Þar sem hún hefði vitað að hann væri ekki í ástandi til að aka hefði hún reynt að hringja í hann. Hann hefði ekki svarað en síðan hringt til baka. Hann hefði beðið hana um að segja ósatt um það að hann hefði farið heim með fyrri rútnunni yrði hún spurð. Ákærði hefði átt að mæta til vinnu daginn eftir. Vitnið kvaðst sjálf hafa farið heim með rútnunni en brottför hennar hefði tafist nokkuð. Hún hefði séð brotþola koma inn í rútna en ekki séð í hvernig ástandi hún hefði verið. Hún hefði ekki mætt til vinnu daginn eftir. Kærasta ákærða hefði hringt í sig daginn eftir árshátíðina og spurt um hana. Vitnið kvaðst í framhaldinu hafa spurst fyrir í vinnunni um hvað hefði gerst og fengið að heyra af atvikinu milli ákærða og brotþola. Brotþoli hefði svo einnig sagt henni frá þessu þegar þær hafi tekið rútu heim saman eftir fyrstu vakt þeirra saman eftir atvikið. Líðan brotþola hefði ekki verið góð en allir í vinnunni hefðu lagt sig fram um að reyna að láta henni líða betur.

Vitnið C kvaðst hafa starfað með bæði ákærða og brotþola. Hann lýsti því að vinnustaður þeirra hefði verið karlavinnustaður og brotþoli því í minnihlutahópi þar. Umrætt kvöld hefði hann mætt brotþola grátandi og í losti eftir árshátíðina. Hún hefði sagt að ákærði hefði nauðgað sér í bifreið. Hann hefði kallað til yfirmann og sagt honum frá þessu. Vitnið kvaðst hafa unnið áfram með brotþola eftir þetta atvik. Hún hafi breyst eftir þetta en hún hafi meðal annars greint honum frá því að henni liði hræðilega.

Vitnið D var [...] í M. Hann kvaðst hafa verið á árshátíðinni en er henni hefði verið lokið hefði C [...]nemi komið til hans og sagt honum að eitthvað hefði komið upp á hjá brotþola. Hann hefði hitt brotþola sem hefði verið niðurbrotin og grátandi og átt erfitt með að tala. Hún hefði sagt að sér hefði verið nauðgað í bifreið. Hann hefði svo rætt við móður hennar í síma og fengið hana til að mæta rútnunni í fyrsta stoppi. Rútan hefði verið á starfsmannabifreiðastæði austan við [...]. G [...] hefði einnig verið þarna staddur og hann hefði farið og náð í F, sem hefði verið með brotþola í rútnunni. Vitnið greindi frá því að [...] hefði verið karlavinnustaður. Það væri ekki auðvelt að vera [...]nemi og það gæti verið enn erfiðara fyrir stúlku.

Vitnið G [...] kvaðst hafa unnið með ákærða og brotþola. D hefði kallað hann til þessa nótt og sagt eitthvað hafa komið upp á hjá brotþola. Hann hefði sótt

hana og farið með hana inn í rútu. Hún hefði verið illa haldin, grátið og verið með ekka. Maskarinn hennar hefði lekið niður á kinnar og sokkabuxur hennar verið rifnar. Hún hefði greint frá því að ákærði hefði nauðgað sér í bifreið hans. Hún hefði sagt nei en hann hefði sagt við hana „þú vilt þetta“. Vitninu hefði fundist rökrétt að kona kæmi að þessu og hann hefði því sótt F. Vitnið kvaðst enn starfa með brotþola. Hann hefði greint miklar breytingar á henni eftir þetta. Áður hefði hún verið hress og jákvæð en hefði eftir þetta átt erfið tímabil og hefði „misst gleðina“. Henni hefði reynst erfitt að byrja í skólanum og þegar ákæra hefði verið gefin út. Þau hefðu stutt hana til að ljúka náminu en hún hafi mörgum sinnum ætlað að hætta. Hún hafi margoft brotnað niður í vinnunni og þurfi stundum að fara heim. Hún væri að reyna að byggja sig upp en þetta væri ofarlega í huga hennar. Hann taldi ekki að brotþoli hefði átt undir högg að sækja á vinnustaðnum en að hún væri lítil í sér.

Vitnið F starfaði á [...] M. Hún kvaðst hafa kannast við bæði ákærða og brotþola í gegnum starfið. Þegar hún hefði verið komin í rútna eftir árshátíðina hefði G beðið hana um að koma og tala við brotþola. Brotþoli hefði verið ein taugahrúga, skolfið og grátið mikið og verið í rifnum sokkabuxum. Hún hefði spurt hana hvað hefði gerst og brotþoli þá sagt að sér hefði verið nauðgað. Hún hefði lýst því að fara með ákærða út að bifreið hans. Hann hefði orðið ágengur og þröngvað sér upp á hana. Þá hefði hann hvíslað að henni „ég veit þú vilt þetta“ þegar hún hefði sagt „nei“ og „hættu“. Móðir brotþola hefði mætt rútnu í [...]. Brotþoli hefði áður verið mjög hress en eftir þetta oft grátið í vinnunni. Atburðurinn hefði haft mikil áhrif á hana og hún hafi oft ætlað að segja upp og gefast upp í skólanum.

Vitnið H kvaðst hafa verið kærasta ákærða í janúar 2015. Hún hefði vaknað við að hann kom heim af árshátíðinni en hefði reiknað með að sækja hann í rútna. Hún hefði spurt hann hvernig hann hefði komið og hann svarað því til að vinnufélagi hans hefði skutlað honum. Henni hefði ekki virst hann drukkinn. Þau hefðu vaknað um klukkan 10 morguninn eftir og hann hefði farið til vinnu. Þrír lögreglumenn hefðu komið til hennar og sagt henni að ákærði væri sakaður um brot. Ákærði hefði hringt í hana um klukkan 6 og sagt henni að hann hefði verið með stelpu. Hann hefði lýst því að þau hefðu farið út í bifreið hans þar sem hún hefði sjálf farið inn í aftursætið. Hann hefði svo „puttað“ hana en ekkert meira hefði gerst. Vitnið kvaðst hafa haft samband við E, fyrrverandi kærustu ákærða, sem hefði sagt henni að hún hefði séð hann aka á brott, en hún hefði ekki vitað meira. Þau ákærði hefðu slitið sambandi sínu.

Vitnið Þórný Þórðardóttir varðstjóri staðfesti skýrslu sína í málinu. Hún kvaðst hafa hitt brotþola ásamt móður hennar á neyðarmóttöku. Hún hefði fyrst

rætt við hana og síðan rannsóknarlögreglumaðurinn. Hún hefði svo skrifað skýrsluna þegar hún kom aftur á lögreglustöðina. Hún kvaðst ekki muna sérstaklega eftir ástandi brotaþola en vísaði um það til skýrslunnar.

Vitnið Þórður Geir Þorsteinsson rannsóknarlögreglumaður kvaðst hafa hitt brotaþola og rætt við hana á neyðarmóttöku ásamt Þórnýju. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir ástandi hennar. Hún hefði verið ölvuð en ekkert mjög mikið. Hún hefði lýst því að ákærði hafi þröngvað henni til samræðis í aftursæti bifreiðar hans. Hann hefði ekki fylgt málinu eftir.

Vitnið Ingunn Jónsdóttir, sérfræðilæknir á neyðarmóttöku, lýsti því að brotaþoli hefði verið í hálfgerðu losti er hún hitti hana en hún hefði greint skýrt frá og virst trúverðug. Hún hefði komið beint af vettvangi og greint frá því að hafa verið á árshátíð. Hún hefði svo farið út með vinnufélaga sem hefði ýtt henni í aftursæti bifreiðar sinnar og haft samfarir við hana gegn hennar vilja. Hann hefði svo ekið í burtu. Brotaþoli hefði drukkið áfengi en ekki verið mjög drukkin. Hún hefði haft grunnan skurð við leggangaop og sviðið við sýnatöku. Um mjög nýlega rispu hefði verið að ræða sem væri líklega innan við sólarhrings gömul. Erfitt væri að segja til um hvernig hún hefði komið til.

Vitnið Tinna Kr. Gunnarsdóttir, hjúkrunarfræðingur á neyðarmóttöku, ræddi við brotaþola áður en hún hitti lækni og kvaðst muna eftir henni. Hún hefði gefið trúverðuga og nákvæma sögu. Hún hefði komið mjög fljótlega eftir atvikið og verið með grátbólgin augu og í miklu uppnámi. Hún kvaðst ekki muna ölvunarástand hennar.

Vitnið Sjöfn Evertsdóttir sálfræðingur kvað brotaþola hafa verið vísað til sín af [...] M. Hún hefði átt við hana 11 viðtöl á tímabilinu frá 20. janúar til 19. ágúst 2015. Hún hefði átt við töluverðan kvíða og depurð að stríða og hefði gjarnan grátið í viðtölunum. Hún hefði upplifað ótta og bjargarleysi við atburðinn. Hún hefði farið í gegnum miklar tilfinningasveiflur, liðið betur en svo verr á ný. Hún hefði reynt að fordast hugsanir um atburðinn og verið í afneitun vegna afleiðinganna. Hún hefði einangrað sig félagslega og misst löngunina til að lifa. Í framhaldi af því hefði hún sent brotaþola til geðlæknis og brotaþoli farið á lyf við þunglyndi og kvíða. Brotaþoli hefði verið greind með áfallastreituröskun og alvarlega yfirstandandi geðlægð. Áfallastreituröskunin væri til komin vegna atviksins í janúar 2015 en [...] eða [...] hefði ekki nein áhrif á greininguna svo sem komið hefði í ljós með mismunagreiningu. Brotaþoli hefði talað um að þekkja sjálfa sig ekki lengur, vita ekki hvað væri að henni eða af hverju henni gæti ekki hætt að líða illa. Það hefði reynst henni erfitt að starfa á vinnustaðnum sem hafi verið stöðug áminning um atburðinn. Hún hefði átt erfitt með sambönd við stráka. Hún hefði byrjað að hitta einhvern en slitið því þar sem hún hefði ekki getað

hugsað sér að stunda kynlíf. Hún hefði greint frá því að hafa skorið sig og ekið á 165 km hraða þar sem hún vildi fyrirfara sér. Brotapoli hefði viljað gera hlé á meðferðinni vegna vanlíðunar. Vitnið hefði talið nauðsynlegt að hún héldi meðferðinni áfram en ekki getað neytt hana til þess.

Vitnið Monika S. Skarphéðinsdóttir sálfræðingur kvað brotþola hafa leitað til sín vegna erfiðleika við að stunda nám sitt. Ákærði hefði verið í skólanum á sama tíma þrátt fyrir að henni hefði verið lofað að svo yrði ekki. Líðan hennar hefði verið slæm og hún hefði verið í miklu uppnámi. Hún hefði glímt við kvíða, depurð, streitu og einbeitingarskort og haft augljós áfallaeinkenni. Hún hefði dregið sig í hlé og lent í árekstrum vegna tilfinningalegs uppnáms. Atvikið í janúar 2015 væri orsök þessara einkenna en ekki væru aðrir þættir sem hefðu haft áhrif á vanlíðan hennar. Sálfræðingurinn kvaðst hafa nýtt hugræna atferlismeðferð og áfallameðferð með brotþola og hefði náð talsverðum árangri. Brotapoli hefði náð betra jafnvægi og getað stundað nám sitt. Hún hafi þó alls ekki náð fullum bata.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hann kveðst hafa haft samræði við brotþola í bifreið sinni aðfaranótt 18. janúar 2015, en það hafi verið með hennar samþykki og að hennar frumkvæði. Brotapoli lýsti því hins vegar að ákærði hefði þvingað sig til samræðis þrátt fyrir að hún hefði ítrekað neitað og sagt honum að hætta.

Ákærða og brotþola ber saman um að málsatvik þar til að bifreið hans er komið. Þeim ber saman um að ekkert kynferðislegt hafi verið á milli þeirra og ekkert í þá veru hafi verið rætt. Ákærði lýsti því fyrir dóminum að brotþoli hefði orðalaust við bifreiðina tekið niður um sig buxurnar og lagst inn í aftursæti bifreiðarinnar. Hann hefði litið svo á að í þessu fælust kynferðisleg skilaboð og hefði þá líka tekið niður um sig buxurnar og farið ofan á brotþola. Brotapoli lýsir því hins vegar að er að bifreiðinni hafi verið komið hafi ákærði opnað afturdyrnar. Hann hafi reynt að kyssa hana og taka niður sokkabuxurnar hennar og meðal annars sagt við hana að hann hefði viljað hana síðustu mánuði og hann vissi að hún vildi hann. Þá lýsti hún því að hún hefði fallið inn í bifreiðina er hún hafi híft sokkabuxurnar aftur upp og ákærði þá komið ofan á hana. Hún hefði ítrekað greint ákærða að hún vildi þetta ekki en hann ekki látið segjast. Ákærði og brotþoli bera með svipuðum hætti um að hann hafi að þessu loknu farið út úr bifreiðinni og pissað en brotþoli hafi farið á brott.

Brotapoli mætti samstarfsmanni sínum strax eftir atvikið en hann kallaði til fleiri samstarfsmenn þeirra. Vitnin C, D, G og F lýstu því öll að brotþoli hefði verið í miklu uppnámi og grátið sáran. Hún hefði greint frá því sem hefði gerst með sama hætti og lýst er að framan. Þá lýstu vitnin miklum breytingum sem hafa orðið

á brotaþola eftir þetta.

Strax í kjölfarið fór brotaþoli á neyðarmóttöku vegna kynferðisbrota. Læknir og hjúkrunarfræðingur af neyðarmóttökunni greindu frá því að brotaþoli hefði verið í áfalli en greint frá á skýran og trúverðugan hátt. Frásögn hennar þar var í samræmi við lýsinguna að framan. Þá liggja fyrir vottorð tveggja sálfræðinga um andlegt ástand brotaþola eftir atvikið. Sálfræðingarnir lýstu þessu fyrir dóminum og töldu báðir að slæmt ástand brotaþola yrði einungis rakið til þessa atburðar.

Fyrir liggur að ákærði hafði þessa nótt ætlað að taka rútu heim af árshátíðinni. Hann greindi frá því að erindi hans að bifreiðinni hafi verið að sækja húslykla en hann hefði svo ætlað heim með rútnuni. Þá ætlaði kærasta hans að sækja hann í rútnuna. Við bifreiðina snerist honum hugur og hann ákvað að aka heim þrátt fyrir að hann væri undir áhrifum áfengis, en hann lýsti því sjálfur að hafa verið „vel í því“. Ákærði skýrði þetta með því að honum hefði liðið illa yfir framhjáhaldi sínu og viljað komast heim, auk þess sem hann hefði þurft að mæta til vinnu morguninn eftir og viljað hafa bifreiðina til taks. Vitnið E bar að hún hefði séð ákærða aka á brott á miklum hraða. Þá ræddi hún við hann í síma og reyndi án árangurs að fá hann til að hætta akstrinum. Skýringar ákærða á því hvernig hann ók á brott þessa nótt eru með nokkrum ólíkindablæ en á sama tíma og hann ók á brott var rúta að fara í bæinn sem hann hafði ráðgert að taka.

Bæði ákærði og brotaþoli hafa verið stöðug í framburði sínum um framangreind atvik. Þau eru ein til frásagnar um það sem gerðist í bifreið ákærða umrædda nótt. Framburður brotaþola, um að hún hafi ekki verið samþykkt samræðinu, fær hins vegar stuðning í framburði vitna, sem rakinn hefur verið, sem sáu hana strax eftir atburðinn. Þá styðja lýsingar vitna á líðan brotaþola eftir atburðinn frásögn hennar. Það er niðurstaða dómsins að leggja beri trúverðuga frásögn brotaþola, sem studdur er framburði vitna, til grundvallar niðurstöðu í málinu. Er því sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi beitt ólögumatri nauðung og haft samræði við brotaþola gegn hennar vilja með þeim hætti sem lýst er í ákæru, að því undanskildu að fallið hefur verið frá þeim afleiðingum sem þar eru greindar. Ákærði hefur með háttsemi sinn gerst sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði hans var hann [...] dæmdur til 2 mánaða fangelsisrefsingar, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir brot gegn [...] almennra hegningarlaga. Með broti sínu nú hefur ákærði rofið skilorð framangreinds dóms og verður hann nú tekinn upp og refsing dæmd í einu lagi, sbr. 60. og 77. gr. almennra hegningarlaga. Ákærði er í máli þessu sakfelldur fyrir nauðgunarbrot gagnvart 17 ára gamalli stúlku, en hann var sjálfur 24 ára að aldri

Þegar brotið var framið. Við ákvörðun refsingar verður litið til ákvæða 1. og 2. töluliðar 1. mgr. 70. gr. og a-liðar 195. gr. almennra hegningarlaga. Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjú ár.

Af hálfu A er krafist miskabóta að fjárhæð 2.000.000 króna. Með vísan til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 verður ákærði dæmdur til að greiða brotþola miskabætur. Brot hans var til þess fallið að valda brotþola mikilli andlegri vanlíðan. Þá verður ráðið af vottorðum og framburði sálfræðinga fyrir dóminn að hún hafi glímt við margvíslega erfiðleika og þjáðst af áfallastreituröskun. Er þetta jafnframt stutt af framburði móður brotþola og vinnufélaga sem lýstu þeim breytingum sem orðið hafa á henni eftir atburðinn. Með hliðsjón af framangreindu verður fallist á miskabótakröfu hennar eins hún er fram sett.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., 1.412.360 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., 779.960 krónur. Við ákvörðun þóknunar lögmannna hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ákærði 379.912 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Arnþrúður Þórarinsdóttir saksóknari.

Dóm þennan kveða upp héraðsdómarnir Barbara Björnsdóttir og Guðjón St. Marteinson og Ingiríður Lúðvíksdóttir settur héraðsdómari.

D Ó M S O R Ð :

Ákærði, X, sæti fangelsi í þrjú ár.

Ákærði greiði A 2.000.000 króna, með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 18. janúar til 5. apríl 2015, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Bjarna Haukssonar hrl., 1.412.360 krónur, þóknun réttargæslumanns brotþola, Ingu Lillýjar Brynjólfsdóttur hdl., 779.960 krónur, og 379.912 krónur í annan sakarkostnað.

Barbara Björnsdóttir
Guðjón St. Marteinson
Ingiríður Lúðvíksdóttir